

From: [Valdimar Ingi Gunnarsson](#)
To: [Valdimar Ingi Gunnarsson](#)
Subject: Laxalús, sjókvíaeldi og villtir laxfiskastofnar
Date: Thursday, May 15, 2025 10:02:49 AM
Attachments: [Fylgiskjal 1. Laxalús, sjókvíaeldi og villtir laxastofnar.pdf](#)
[Fylgiskjal 2. Laxalúsafár, regluverkið og upplýsingagjöf.pdf](#)

Ágætu félagar

Málið snýst um fjárhagslegan ávinning

Laxalús er stærsta viðfangsefni sjókvíaeldis á Vestfjörðum er snýr að umhverfismálum. Að halda laxalúsinni í skefjum fylgir mikill kostnaður sem dregur úr arðsemi eldisins. Íslenskt sjókvíaeldi er í meirihlutaeigu norskra aðila og stærstu sjókvíaeldisfyrirtækin skráð á erlendum hlutabréfamarkaði þar sem gerðar eru kröfur um mikla arðsemi. Hagsmunir erlendra fjárfesta eru því ekki endilega þeir sömu og Íslendinga.

Mikilvægt að hemja laxalúsina

Ástæðan fyrir því að mikilvægt er að halda laxalús á eldisfiski niðri eru einkum tvær, að koma í veg fyrir:

- Afföll og stofnstærðarminnkun á villtum laxfiskum.
- Að laxalúsalirfur berist í eldisfisk ótengdra aðila sem vilja standa sig vel í umhverfismálum.

Sex greinar um laxalús

Birtar verða sex greinar í Bændablaðinu og búið er að birta tvær (fylgiskjal 1 og 2). Heiti greinanna eru eftirfarandi og innihald í mjög stuttu mál:

- [Laxalús, sjókvíaeldi og villtir laxfiskastofnar](#) – Málið snýst um fjárhagslegan ávinning sjókvíaeldisfyrirtækja og gefið yfirlit yfir varnir gegn laxalús.
- [Laxalúsafár, regluverkið og upplýsingagjöf](#) – Þar er farið yfir hvernig staðið hefur verið að málum á síðustu árum sem er mjög ábótavant.
- [Laxalús og villtir laxfiskar](#) – Fjallað er um áhrif laxalúsar frá sjókvíaeldinu á villta laxfiskastofna, skort á vöktun og mótvægisáðgerðum.
- [Laxalús, viðmið og fjarlægðarmörk](#) – Hér er gagnrýnt hvernig stjórnisýslan hefur staðið sig í að móta ramma utan um greinina m.t.t. laxalúsar.
- [Laxalús og mótvægisáðgerðir](#) – Þær eru kostnaðarsamar og því hefur verið tregða hjá sjókvíaeldisfyrirtækjum að innleiða þær að eigin frumkvæði.
- [Laxalús, notkun lyfja og umhverfisáhrif](#) – Gagnrýnt færibandaleyfi á heimild til notkunar laxalúsalyfja og hvaða neikvæð umhverfisáhrif þau geta mögulega haft.

Vonandi leiða þessar greinar til faglegrar umræðu um málið og gerð regluverks sem tekur mið af umhverfisvernd sem til lengri tíma litið er allra hagur.

Um

Undirritaður er sjávarútvegsfræðingur og sérfræðingur í fiskeldi og hefur m.a. komið að fjölmörgum verkefnum fyrir stjórnvöld er tengjast fiskeldi, s.s. skrifum á lögum og

reglugerðum. Gagnrýnd hefur verið sú spilling sem átti sér stað við undirbúning og gerð laga um fiskeldi á tímabilinu 2017-2019. Í byrjun ársins 2022 hóf undirritaður formlega vinnu við Samfélagsverkefni gegn spillingu í hálfu starfi og þið verðið reglulega upplýst um framganginn.

Yfirlit um málið er að finna á lagareldi.is

Best er að finna allar skýrslur og greinar er tengjast málinu á sjavarutvegur.is

Með kveðju/ Regards
Valdimar Ingi Gunnarsson
Samfélagsverkefni gegn spillingu
Sjávarútvegsþjónustan ehf.
Helgubraut 17
200 Kópavogur
GSM 6952269
Netfang: valdimar@sjavarutvegur.is
Vefsíða: www.lagareldi.is